



Dagsetning 21. október 2016

## Fjárfestingarlisti skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum

Eigendum innstæðna á reikningum háðum sérstökum takmörkunum eða reikningum háðum sömu takmörkunum hjá Seðlabanka Íslands er heimil úttekt til fjárfestinga í ríkisvíxlum og innstæðubréfum Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna framangreindra fjárfestinga eru undanþegnar banni 3. mgr. 13. gr. b laga nr. 87/1992. Ríkisvixlar eru óverðtryggðir og gefnir út til skemmri tíma en eins árs. Þeir bera forvexti en vixlar eru greiddir á nafnverði á gjalddaga. Innstæðubréf tilgreina ekki gjalddaga, bera breytilega ársvexti og endurgreiðsla höfuðstóls er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda. Vextir greiðast eftir á, einu sinni á ári.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að endurskoða fjárfestingarlista í ljósi aðstæðna hverju sinni.